

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 15. janúar 2025

Mál nr. S-4257/2024:

Héraðssaksóknari

(Þorbjörg Sveinsdóttir aðstoðarsaksóknari)

gegn

X

(Bjarni Hauksson lögmaður)

Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 18. desember sl., er höfðað með ákæru, útgefinni af héraðssaksóknara 15. ágúst 2024, á hendur „X, kennitala [...], [...], Kópavogi, fyrir kynferðislega áreitni, með því að hafa aðfaranótt laugardagsins 11. mars 2023, í bifreiðinni [...] sem ákærði ók, á leið frá Hafnarstræti að [...] í Reykjavík, káfað á brjóstum og kynfærum A, kennitala [...], innanklæða og reynt að kyssa hana tungukossum.

Telst þetta varða við 199. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkrafa:

Af hálfu A, kennitala [...], er þess krafist að ákærði verði dæmdur til að greiða henni bætur að fjárhæð kr. 1.500.000,- með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. sbr. 4. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 11. mars 2023 þangað til mánuður er liðinn frá birtingu bótakröfu þessarar en með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga af sömu fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar, aðallega þannig að skipuðum réttargæslumanni verði ákveðin hæfileg þóknun úr ríkissjóði með vísan til 48. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008. Til vara er þess krafist að ákærði verði dæmdur til að greiða lögmannskostnað brotþola við að koma bótakröfunni á framfæri og vegna hagsmunagæslu við meðferð málsins fyrir dómi að mati réttarins eða samkvæmt síðar

framlögðum málskostnaðarreikningi að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.“

Verjandi ákærða krefst þess aðallega að ákærði verði sýknaður, en til vara krefst hann vægustu refsingar sem lög leyfa. Hann krefst jafnframt frávísunar bótakröfu en til vara lækkunar hennar. Þá krefst hann þess að allur sakarkostnaður, þ.m.t. málsvarnarlaun, greiðist úr ríkissjóði.

Málsatvik

Aðfaranótt 11. mars 2023 var lögregla kölluð að [...] í Reykjavík vegna slagsmála. Áhafnir tveggja lögreglubifreiða fóru á vettvang, auk sjúkraliðs. Á leið á vettvang barst tilkynning um að um væri að ræða „skutlara“ sem hefði brotið kynferðislega á stúlku sem var að koma heim, hann hefði svo ráðist á foreldrana og foreldrarnir héldu honum niðri utandyra. Er ekið var inn götuna vísaði B lögreglumönnum á vettvang. Sást þar hvar C hélt ákærða í kæfingartaki á bifreiðaplaninu. Þeir lágu á jörðinni og voru báðir blóðugir. Ákærði var alblóðugur í framan. C var strax gefin skipun um að sleppa ákærða og losaði lögreglumaður hálstakið. C var tregur til að sleppa ákærða og sagði hann berjast um. Ákærði var meðvitundarlaus og svaraði ekki áreiti en gaf frá sér lágar stunur. Undir mönnunum var spýta sem C og B sögðu ákærða hafa lamið þau með. Nokkrum metrum frá var bifreiðin [...] sem þau sögðu ákærða hafa komið á. Kveikiláslyklarnir voru blóðugir á malbikinu og dyr bifreiðarinnar voru opnar.

C og B voru færð inn í lögreglubifreið þar sem mikið frost var úti og ekki hægt að fara inn á heimilið því að börn B voru þar inni. Þau voru sjáanlega í uppnámi og blóð á þeim og fatnaði þeirra. C var með stóra kúlu á enninu. Þau sögðust vera þar en ekki búa saman. B hefði gist hjá C en þau hefðu verið heima hjá henni fyrr þetta kvöld þar sem dóttir B, brotþoli, og vinkona hennar hefðu verið að taka sig til fyrir partí og þær hefðu síðan farið í bæinn. Brotþoli hefði svo hringt í B um nóttina en hún misst af símtalinu. Brotþoli hefði síðan sent C textaskilaboð þegar þau hefðu verið farin að sofa sem í stóð: „C hvar ertu?“. Hún hefði svo hringt aftur í síma C og B svarað. Brotþoli hefði verið grátandi í símanum og B hefði spurt hvort allt væri í lagi en brotþoli svarað neitandi. B hefði spurt hvort brotþoli væri í leigubíl eða með skutlara og brotþoli hefði sagst vera í leigubíl. C hefði beðið um að fá að tala við bílstjórann og sagt honum að setja heimilisfangið inn í google maps en bílstjórinn hefði ekki virst skilja hann alveg. Hann hefði þá áttað sig á að ekki væri um leigubílstjóra að ræða. B hefði svo farið niður og beðið eftir að bílinn kæmi. C sagði brotþola hafa „bullað einhverja tóma steypu“ í símann. Hann hefði spurt hana hvort hún vildi að hann væri á línunni þar til hún kæmi og brotþoli hefði þegið það.

B hefði síðan farið út og hringt í C. Hún sagði að brotapolí hefði setið í farþegasæti frammi í þegar bíllinn hefði komið. Hún hefði sjálf sest inn í bíllinn fyrir aftan farþegasætið. Brotapolí hefði grátið og hún spurt hvort allt væri í lagi en brotapolí hefði bara viljað fara inn. B hefði gengið á hana og spurt hvort hann hefði komið við hana og brotapolí hefði svarað játandi. Hún hefði spurt hvernig og brotapolí svarað að ákærði hefði verið „ógeðslega weird“. Hún hefði þá spurt hana hvernig hann hefði snert hana og brotapolí sagt að hann hefði snert hana innanklæða, að neðan og bara alls staðar og líka utanklæða. B hefði sagt brotapolá að fara inn og síðan spurt ákærða hvort eitthvað óviðeigandi hefði gerst. Hann hefði í fyrstu ekki þóst kunna ensku en síðar viðurkennt að hafa komið við brotapolá. Þegar B hefði sagt að hún ætlaði að hringja í lögregluna hefði ákærði kýlt hana. C, sem hefði verið sestur inn í bíllinn, hefði þá kýlt ákærða og þeir hefðu báðir stokkið út úr bifreiðinni. Ákærði hefði verið með spýtu undir sætinu sem hann hefði lamið þau bæði með, auk þess sem hann hefði bitið í fingur C.

Eftir að ákærði hafði verið fluttur með sjúkrabifreið á slysadeild fór C inn í íbúðina til að sækja astmapúst í fylgd lögreglumanns, en B varð eftir í lögreglubifreiðinni. Samkvæmt skýrslu lögreglu var brotapolí í íbúðinni og var hún sjáanlega ölvuð. Hún sagði ákærða vera „skutlara“ sem hefði ekið sér þangað frá skemmtistaðnum [...]. Hann hefði verið óviðeigandi í hegðun og snert hana á óviðeigandi stöðum innanklæða án hennar samþykkis. Hún hefði farið að gráta en hann haldið áfram þrátt fyrir það, og þá hefði hún hringt í móður sína. C sýndi lögreglumönnum bitfar á hægri læri sem hann sagði vera eftir að ákærði hefði verið að reyna að sleppa er hann hefði tekið hann í fótalás. Hann sagðist hafa haldið ákærða í kyrkingartaki eða „choke haldi“ í fimm til tíu mínútur en hafa heyrt hann anda allan tímann.

B sagði lögreglu að hún hefði beðið brotapolá að senda sér símanúmer ökumannsins svo hún gæti sent honum heimilisfangið sem hún hefði svo gert, en sér hefði þótt líða langur tími þar til brotapolí kom heim. Þegar brotapolí var komin inn hefði hún sest í farþegasætið frammi í bifreiðinni og farið að ganga á ákærða um hvort hann hefði verið að snerta brotapolá. Hann hefði fyrst í stað ekki þóst skilja ensku en svo orðið trylltur og sagt: „No, no, my friend, my friend, she was sitting in the back.“ Hann hefði síðan farið að kýla hana. C hefði komið inn í farþegasætið fyrir aftan bílstjórásætið og tekið ákærða kyrkingartaki til að stöðva hann. Í framhaldi hefði komið til slagsmála sem hefðu endað er lögreglan mætti á staðinn. C og B voru bæði handtekin og flutt á lögreglustöð þar sem tekin voru úr þeim blóðsýni.

Lögreglumenn fluttu brotapolá á lögreglustöð til skýrslutöku. Á leiðinni greindi hún lögreglumönnum frá því að hún hefði farið heim með skutlara sem hefði káfað á henni innanklæða við [...]. Hún hefði farið að gráta en manningnum hefði verið alveg sama. Hún hefði þá hringt í móður sína. Brotapolí blés í áfengismæli og mældist áfengismagn 2,00‰.

Tekin var skýrsla af brotaþola undir morgun. Þar greindi hún frá því að hún hefði farið í fyrirpartí með bestu vinkonu sinni í [...] um kl. 23 kvöldið áður. Um kl. 00:30 hefði hún farið ásamt hópi úr partíinu á skemmtistaðinn [...]. Milli kl. 2 og 2:30 um nóttina hefði henni farið að líða skringilega og ákveðið að fara heim. Hún hefði farið í leigubílaröð við Hlöllabáta á Ingólfsstræti og sest í framsæti leigubifreiðar. Rétt á eftir hefði hún hringt í móður sína. Móðir hennar hefði verið hjá kærasta sínum og hún hefði ætlað að fara til þeirra. Hún hefði beðið móður sína um heimilisfang kærastans og beðið leigubílstjórann að aka þangað. Leigubílstjórinn hefði ekki talað íslensku og hún hefði því talað ensku við hann. Leigubílstjórinn hefði farið að tala „dirty“ við hana, sagt hana sæta og fleira þess háttar. Svo hefði hann stungið hendinni inn á hana og snert á henni bert vinstra brjóstið innanklæða og síðan farið með hendurnar inn á buxur og nærbuxur hennar og snert á henni kynfærin innanklæða. Hann hefði ekki farið með fingur í leggöng hennar. Hún hefði farið að hágráta og bílstjórinn orðið var við það. Þrátt fyrir það hefði hann haldið áfram að snerta hana á sama máta. Brotaþoli sagðist hafa farið inn í [...] og hitt þar móður sína og kærastann hennar og sagt þeim hvað hefði gerst í leigubílnum. Eftir það hefði hún farið og lagt sig inni í herbergi. Hún hefði svo verið vakin nokkru seinna af lögreglumönnum. Hún gat ekki lýst leigubílnum eða bílstjóranum, en sagðist muna að hann hefði verið með taxamerki. Þá kvaðst hún ekkert vita um meinta líkamsárás á leigubílstjórann.

Brotaþoli gaf aftur skýrslu hjá lögreglu 15. mars 2023. Sagði hún þar að hún hefði drukkið vodka í Red bull á skemmtistaðnum [...] og eftir það farið að líða skringilega og viljað fara heim. Fyrr þetta kvöld hefði hún drukkið fjögur hvítvínsglös en ekki neytt annarra efna. Einhver maður hefði boðið henni far, en hann hefði sagst vera „taxi“. Hún hefði sest inn og beðið hann að fara með sig upp í [...]. Hann hefði sífellt verið að reyna að kyssa hana á munninn, en hún snúið sér undan. Hann hefði svo farið með hendurnar inn á bol hennar og buxur. Hann hefði snert brjóst hennar og farið með hendurnar undir nærbuxur hennar og inn á kynfæri hennar, en ekki inn í leggöng. Hún hefði farið að hágráta en maðurinn hlegið. Hann hefði ekki látið af háttsemi sinni fyrr en hún hefði hringt í móður sína til að vita hvar í [...] hún væri. Brotaþoli kvaðst hafa grátið í símann og móðir hennar hefði sent henni staðsetningu sína í textaskilaboðum. Hún hefði rætt við bæði móður sína og kærastann hennar. Móðir hennar hefði beðið eftir henni fyrir utan húsið er hún hefði komið að [...] og spurt hvað hefði komið fyrir og hún sagt henni það. Þá hefði móðir hennar sagt henni að fara upp í íbúðina sem hún hefði gert. Þar hefði hún hitt frænku C og farið síðan inn í herbergi og sofnað. Hún hefði ekki hitt C þar inni. Hún hefði svo verið vakin af lögreglumönnum og færð á lögreglustöð. Hún vissi ekkert um líkamsárásina. Borið var undir brotaþola hvað sæist á myndefni úr eftirlitsmyndavélum í miðbænum. Hún sagði undarlegt hvað hún hefði verið drukkin þar sem hún taldi að hún hefði ekki drukkið svo mikið. Hún hefði ekki sofnað í bifreiðinni á leiðinni að [...].

Tekin var skýrsla af ákærða 27. mars 2023. Hann kvaðst hafa ekið tyrkneskum vini sínum í miðbæ Reykjavíkur aðfaranótt 11. mars 2023. Hann hefði ætlað að sækja vin sinn og bíða eftir honum í bílastæði við [...] á Ingólfstorgi en ekki getað lagt bílnum þar og fundið stæði nokkru frá. Skyndilega hefði brotapolí sest inn í aftursæti bifreiðarinnar og sagst vilja fara heim. Hann kvað hana hafa verið afar drukkna og ekki getað skrifað á síma hvar hún ætti heima. Hún hefði ætlað að vísa honum leiðina en það hefði líka gengið illa. Hann hefði því beðið hana að hringja í móður sína til að fá heimilisfangið og það hefði endað með því að móðir hennar hefði sent honum heimilisfangið í símann hans. Þegar hann hefði komið að heimilinu hefði móðirin komið inn í bílinn en brotapolí farið inn í hús. Móðirin hefði reynt að tala við hann og skömmu síðar hefði kærastinn hennar komið og áður en varði hefðu þau bæði ráðist á hann og gengið í skrokk á honum. Ákærði neitaði því alfarið að hafa snert brotapolá á kynferðislegan hátt.

Meðal málgagna eru upptökur úr eftirlitsmyndavélum miðborgarinnar aðfaranótt 11. mars 2023. Má þar sjá bifreið ákærða aka um miðbæinn og hvar brotapolí kemur út af skemmtistað og gengur um þar til hún sest upp í bifreið ákærða. Jafnframt liggja fyrir gögn um notkun á síma brotapolá þar sem fram kemur að hún notaði hann ekki frá því laust eftir miðnætti til kl. 3:42:07, en frá þeim tíma til kl. 04:53:54 hringdi hún nokkur símtöl. Síminn kemur inn á senda á þeim stöðum sem ákærði greindi frá að þau hefðu ekið að.

Framburður ákærða og vitna fyrir dómi

Ákærði kvaðst ekki vinna við akstur og hafa umrætt kvöld verið að bíða eftir vini sínum sem var á veitingastaðnum [...] í miðbænum. Hann hefði reynt að finna bílastæði nálægt veitingastaðnum en gengið illa. Að lokum hefði hann fundið stæði og lagt en þá hefði einhver opnað bílinn og sest inn. Þetta hefði verið brotapolí og hún hefði sagt aftur og aftur: „Fara heim“. Hann hefði reynt að útskýra fyrir henni að hann væri ekki leigubílstjóri en hún hefði verið frek og haldið áfram að segja: „Fara heim“. Hann hefði því ákveðið að skutla henni heim á meðan hann biði eftir vini sínum. Ákærði kvaðst ekki hafa orðið brotapolá var fyrir en hún hefði sest inn í bifreið hans.

Borin voru undir ákærða myndbönd af akstri hans um miðbæ Reykjavíkur. Hann taldi ekkert vera óvenjulegt við hann og kvaðst ekki hafa veitt brotapolá neina athygli. Hann hefði stansað á götunni skömmu áður en hann hefði lagt og ætlað að leggja í stæði þar en síðan séð betra stæði aðeins framar sem hann hefði ekið inn í. Hann taldi að hann hefði talað við brotapolá á arabísku og einungis sagt: „Hvað viltu?“ er hún hefði komið upp að bifreið hans á götunni.

Brotapolí hefði verið mjög ölvuð og alveg búin á því. Hann hefði reynt að fá heimilisfangið hjá henni og talað við hana á ensku og látið hana hafa símann sinn til að

setja upplýsingar inn. Hún hefði reynt lengi en ekkert hefði komið á skjáinn. Hann hefði því sagt henni að vísa sér leiðina. Hún hefði vísað honum áfram og sagt honum að beygja ýmist til hægri eða vinstri. Hún hefði annað slagið dottið út af en svo vaknað aftur. Hann hefði viljað komast aftur til vinar síns og endurtekið beðið brotapolu að vísa sér leiðina en hún hefði ekki getað það vegna ölvunar. Þau hefðu farið að hringtorginu við Háskólann og hann spurt hvort hann ætti að fara beint áfram, til hægri eða vinstri. Hann hefði ekið mjög hægt og loks hefði hún sagt honum að fara til vinstri. Þau hefðu farið að Bónus við Hlemm en hún hefði ekki getað svarað því hvort ætti að stoppa þar. Hann hefði spurt hana hvort hann ætti að hringja í einhvern sem gæti komið til móts við þau. Brotapoli hefði hringt og náð sambandi við móður sína. Hún hefði þá setið í aftursætinu grátandi. Hún hefði svo beðið hann að tala við móður sína og hann hefði beðið hana að senda heimilisfangið. Konan hefði óskað eftir símanúmeri hans til að senda honum heimilisfangið og hann hefði látið hana fá það. Þau hefðu talað ensku og alveg skilið hvort annað. Hann hefði sett heimilisfangið í símann sinn og brotapoli hefði þá óskað eftir að koma fram í bifreiðina og hann fallist á það. Þau hefðu þá verið við [...], nálægt áfangastaðnum. Brotapoli hefði talað oftast en einu sinni við móður sína á leiðinni. Ákærði harðneitaði því að hafa káfað á brotapolu eða reynt að kyssa hana. Hann hefði verið með vinstri hönd á stýrinu og með símann í hægri hendi og hefði því ekki getað snert hana.

Þegar þau hefðu komið að húsi númer [...] hefði hann þurft að snúa við því konan í símanum hefði sagt að þetta væri ekki þar heldur nr. [...]. Hann hefði svo beðið þar í um 10 mínútur eftir því að hún kæmi að sækja brotapolu. Konan hefði opnað dyrnar og brotapoli stigið út en konan sest í bílinn. Brotapoli hefði reynt að draga hana út en endað á því að fara og skilja konuna eftir. Konan hefði spurt hann hvaðan hann væri og hvort hann væri [...], sem hann hefði játað. Hún hefði viljað fá kennitölu hans en hann hefði enga. Þá hefði hún spurt hann um peninga og síðan sagt að hann hefði káfað á dóttur hennar, sem hann hefði neitað. Hún hefði sagt: „Víst, þú snertir á henni lærið,“ en hann áfram neitað. Hann hefði stungið upp á að hringja í vin sinn sem gæti túlkað fyrir þau en hún hefði þá lamið hann og sagt að hún ætlaði að kála honum. Hann hefði viljað hringja í vin sinn eða lögregluna en hún hefði þá tekið símann hans og sest á hann. Ákærði hefði viljað fá símann sinn aftur en konan hefði neitað og aftur sakað hann um að hafa káfað á dóttur sinni. Síminn hans hefði hringt og hann hefði séð hann lýsast upp. Konan hefði samt ekki viljað afhenda honum símann. Hún hefði verið að reyna að fá hann til að sækja símann og snerta á henni lærið. Þessi samskipti hefðu tekið nokkra stund en síðan hefði konan tekið upp sinn eigin síma og hringt í einhvern. Hann hefði haldið að hún væri að hringja í lögregluna og verið ánægður með það og drepíð á bifreiðinni en gangsett hana aftur skömmu síðar vegna mikils kulda. Konan hefði haldið áfram að lemja hann og þetta hefði gengið á í um hálf tíma.

Skömmu síðar hefði maður komið og opnað bifreiðina. Hann hefði spurt ákærða hvort hann ætti peninga sem hann hefði neitað. Maðurinn hefði þá reynt að fara í vasa hans og tekið þaðan peninga. Fólkið hefði hlegið og hann hefði heyrt þau tala um kókaín. Maðurinn hefði sest í aftursæti bifreiðarinnar og farið að lemja ákærða. Hann hefði sagt: „Eigum við ekki að fara til lögreglu?“ Ákærði hefði viljað gera það og ekið af stað eftir leiðsögn þeirra en þau hefðu beint honum að tómu húsi. Þar hefði hann drepíð á bílnum, en fólkið hefði lamið hann þannig að mikið hefði blætt. Hann hefði farið út úr bifreiðinni og reynt að flýja en þau hefðu elt og haldið áfram að berja hann. Hann hefði öskrað og barist fyrir lífi sínu. Þetta hefði staðið í töluverðan tíma en loks hefði lögreglan komið. Árásin á hann hefði verið mjög alvarleg og hann hefði ekki enn jafnað sig að fullu.

Ákærði hafnaði því alfarið að hafa snert brotþola eða viðurkennt fyrir fólkinu að hafa gert það. Þá neitaði hann því að hafa reiðst þegar þau sögðust ætla að hringja í lögregluna. Hann hefði einmitt viljað það og ekið rólega að því sem hann hefði talið vera lögreglustöð. Þá neitaði hann því að hafa lamið fólkið með spýtu. Hann hefði haft spýtu undir sætinu í bílnum en ekki notað hana.

Brotþoli kvaðst hafa byrjað kvöldið með vinkonu sinni. Sú hefði fengið boð í partí sem þær hefðu farið í. Þar hefði verið drukkið hvítvín og spilað. Hún hefði drukkið um fjögur hvítvínsglös. Um kl. hálféitt/eitt hefði verið farið í bæinn og á skemmtistaðinn [...]. Þar hefði hún hitt vinkonur og skemmt sér vel. Hún hefði keypt sér einn drykk á barnum og ekki neytt neins annars. Hún myndi ekki allt sem hefði gerst undir lok kvöldsins en hún myndi eftir að hafa farið út af staðnum og séð þar dyraverði. Hún myndi ekki eftir að hafa farið upp í bifreiðina, en myndi til þess að hafa ætlað í leigubílaröð við Hlöllabáta. Næst myndi hún eftir að hafa verið í framsæti bifreiðar með ákærða, sem hún þekkti ekki, og hafa haldið að um leigubíl væri að ræða. Henni hefði fundist eins og einhver hefði kallað á hana að þetta væri leigubíll en hún gæti þó ekki fullyrt það.

Brotþoli kvað ákærða hafa reynt við hana, sagt við hana að hún væri rosa sæt og reynt að kyssa hana eða fara í sleik. Henni hefði þótt þetta óþægilegt og reynt að víkja sér frá. Þetta hefði gerst á rauðu ljósi og hún taldi að þau hefðu þá verið í Árbæ eða nágrenni. Hann hefði reynt að kyssa hana í þrjú til fjögur skipti. Hún hefði verið klædd í leðurbuxur og bol sem var „off the shoulder“ og ekki verið í brjóstahaldara. Ákærði hefði farið með hendur inn fyrir bol hennar og þreifað á vinstra brjósti hennar en það hefði verið nær honum. Þá hefði hann farið með hendurnar inn á buxur hennar og þreifað á kynfærum hennar. Þetta hefði gerst einu sinni meðan þau hefðu stansað á rauðu ljósi en engu að síður varað nokkra stund. Hún hefði farið að gráta en ákærði hefði hlegið að henni og ekki hætt háttsemi sinni. Hann hefði hætt þegar hún hefði hringt í móður sína sem hefði ekki svarað. Þá hefði hún hringt í kærasta móður sinnar þar sem hún vissi að hún væri með honum. Hann hefði svarað og hún hefði spurt hann hvar hann ætti heima þar sem hún hafði aldrei áður komið þangað. Hún hefði einnig talað við móður sína í

símann en ekki sagt frá því sem hefði gerst. Móðir hennar hefði sent ákærða heimilisfangið en honum hefði gengið illa að finna rétta staðinn.

Þegar þau hefðu komið á áfangastað hefði móðir hennar beðið hennar og komið að bílnum. Hún hefði spurt hvað hefði gerst því hún hefði heyrt að brotapolí var grátandi. Þær hefðu rætt stuttlega saman og hún hefði sagt móður sinni að ákærði væri „sjúklega óþægilegur“. Móðir hennar hefði spurt hvort hann hefði snert hana og hún hefði játað því. Hún hefði þá spurt hvar og hún svarað: „Alls staðar“. Hún hefði ekki sagt henni nákvæmlega hvað hefði gerst en bara viljað fara inn að sofa. Móðir hennar hefði opnað dyrnar á bílnum og sest inn. Svo hefði hún sagt brotapolu að fara en hún ætlaði að ræða við ákærða. Brotapolí kvaðst þá hafa farið inn og ekki séð hvað gerðist eftir það. Hún hefði mætt C í dyrunum en ekki rætt við hann. Hún hefði svo vaknað við að lögregla kom til hennar. Hún hefði ekki vitað af handtöku móður sinnar og kærasta hennar fyrr en henni hefði verið greint frá því í skýrslutökunni. Spurð um þann framburð sinn hjá lögreglu að hún hefði greint frá atvikum sitjandi inni í íbúðinni kvaðst brotapolí ekki viss af hverju hún hefði sagt það, það væri ekki rétt.

Brotapolí kvaðst hafa átt erfitt með svefn eftir atvikið og vera kvíðin og félagsfælin. Hún færi sjaldan að skemmta sér og gætti þess að vera með fólki sem hún þekkti. Hún hefði einnig glímt við endurlit frá þessu atviki og fengi í magann þegar hún hugsaði um þetta. Hún hefði farið í tvö viðtöl á Stígamótum og hitt heimilislækninn vegna svefnvanda og væri nýlega búin að fá uppáskrifað svefnlyf.

Vitnið B kvað brotapolu, dóttur sína, og vinkonu hennar hafa verið heima hjá henni að taka sig til fyrir partí. Þær hefðu verið spenntar og hún minnt þær á að passa upp á hvor aðra og ekki drekka úr röngum glösum. Vitnið hefði verið heima með sonum sínum og þáverandi kærasta, C. Frænka hans hefði beðið um að fá að gista hjá honum en hún hafði þá nýlega misst manninn sinn. C hefði því beðið vitnið að gista heima hjá sér svo þau gætu verið saman og hún hefði farið heim til hans með drengina. Þau hefðu verið að reyna að styðja frænku C og því farið seint að sofa. Þau hefðu drukkið hvítvín þetta kvöld og hún vissi að kókaín hefði mælst hjá sér, en það hefði verið frá kvöldinu áður. Brotapolí hefði hringt þegar þau voru að fara að sofa og verið á leiðinni heim. Vitnið hefði misst af símtali frá henni en brotapolí þá hringt í síma C. Hún hefði strax heyrt einhverja angist í rödd hennar. Eitthvað hefði verið að og hún hefði virst ringluð, meira en hún hefði átt að vera miðað við hvað hún hefði drukkið. Brotapolí hefði ruglað mikið og verið ólík sjálfri sér. Hún hefði spurt hvort vitnið væri heima en hún svarað því að hún væri hjá kærastanum sínum. Hún hefði spurt brotapolu hvort allt væri í lagi og hún hefði neitað því. Brotapolí hefði greinilega verið í aðstæðum þar sem hún hefði ekki getað sagt það sem hún vildi segja. Vitnið hefði orðið rólegri þegar brotapolí hefði sagst vera í leigubíl. Hún hefði sagt henni að koma til sín og hún myndi borga bílinn. Brotapolí hefði samþykkt það og lagt á. Vitninu hefði fundist langur tími líða og hringt til baka.

Brotapoli hefði þá sagt að þau myndu þetta ekki og hún hefði boðist til að senda þeim heimilisfangið með textaskilaboðum. Hún hefði sett samtalið á „speaker“ og C líka hlustað. Hún hefði heyrt ákærða hlæja eða flissa. Ákærði hefði gefið henni símanúmerið sitt og hún hefði sent honum upplýsingar um staðsetninguna. Hún hefði verið orðin óróleg þar sem hún hefði skynjað að eitthvað væri ekki eins og það ætti að vera. Brotapoli hefði stöðugt spurt hvort C væri heima. Hún hefði vitað að hann væri þarna þannig að svo hefði virst sem hún væri að leita að öryggi. Vitnið hefði svo ákveðið að fara niður og bíða eftir brotapolu. Meðan hún hefði beðið hefðu tvær vinkonur brotapola hringt í hana og sagst ekki ná í hana. Hún hefði sjálf reynt að hringja í hana þar sem hún hefði verið orðin óþreyjufull og síðan gengið að enda bílastæðisins og beðið þar með brotapolu í símanum. Hún hefði svo séð hvar eldri bíll kom akandi og brotapoli sagði: „Þarna ertu“. Hún hefði síðan séð brotapolu sitja í framsætinu farþegamegin og vísað bílnum áfram. Vitnið hefði opnað rennihurð á bílnum og sest inn. Brotapoli hefði verið hrædd og grátandi og hún spurt hana hvort allt væri í lagi. Brotapoli hefði neitað því og sagt ákærða óþægilegan eða „creepy“. Vitnið hefði ákveðið að sitja áfram í bílnum og reyna að komast að því hvað hefði gerst. Brotapoli hefði verið komin út úr bílnum og hún hefði spurt hana hvort eitthvað hefði gerst í bílnum. Brotapoli hefði sagt að ákærði hefði verið að koma við sig. Hann hefði snert hana innan- og utanklæða og alltaf verið að reyna að kyssa hana á rauðu ljósi. Hún hefði þó ekki lýst því fyrr en síðar að hann hefði reynt að kyssa hana. Brotapoli hefði grátið og reynt að stoppa hann en hann hlegið þar til hún hefði hringt í vitnið. Brotapoli hefði viljað fá hana til að koma inn en hún hefði sagt henni að fara upp að sofa því hún ætlaði að ræða við ákærða.

Vitnið hefði setið áfram í bílnum og fært sig í framsætið. Ákærði hefði þó st skilja litla ensku og alltaf verið að reyna að keyra af stað en hún þá tekið lyklna úr svissinum. Hún hefði spurt hann hvort eitthvað óviðeigandi hefði gerst. Hann hefði veifað höndunum og sagt: „No, no, no“ og „My friend, my friend“. Þá hefði hann sagt að brotapolu hefði setið aftur í en hún vissi að það væri ekki satt. Hún hefði skilið hann þannig að vinur hans hefði átt að hafa verið í bílnum. Hún hefði síðan hringt í C og beðið hann að koma út þar sem eitthvað mikið væri að. C hefði komið og sest aftur í bílinn. Þau hefðu ákveðið að hringja á lögregluna og ákærði hefði ekið út af bílplaninu og inn á planið hjá skólanum. Hann hefði orðið æstur við að heyra að hún ætlaði að hringja í lögregluna. Hún hefði enn spurt hann hvort hann hefði snert brotapolu á óviðeigandi hátt og hann enn neitað. Hún hefði endurtekið spurninguna einu sinni enn og þá hefði hann rétt upp hendurnar og sagt: „Yes, yes, yes, sorry, sorry, sorry.“ C hefði sagt: „Var hann að segja það sem ég held?“ Við þetta svar ákærða hefði vitnið reiðst og slegið hann þannig að vör hans hefði sprungið. Síðan hefði komið til slagsmála. Ákærði hefði dregið spýtu undan bílstjórásætinu og reynt að hlaupa burt en C hefði elt hann. Ákærði hefði þá

slegið C með spýtunni. Vitnið neitaði því að hafa spurt ákærða hvort hann væri [...] eða að hafa tekið símann hans.

Vitnið kvað afleiðingar þessa atviks hafa verið gífurlegar fyrir brotþola. Hún færi varla niður í bæ og hefði ekki drukkið í langan tíma eftir þetta. Hún væri haldin kvíða og félagsfælni og ætti erfitt með svefn. Hún hefði fengið uppáskrifað svefnlyf og þunglyndislyf. Þá hefði hún farið í viðtal við sálfræðing hjá Stígamótum. Brotþoli hefði hætt í skóla og þurft að minnka við sig vinnu. Hún hefði verið lysterlaus og lést mikið og hætt í líkamsrækt. Hún vildi lítið ræða atvikið og gréti þegar hún talaði um það.

Vitnið C kvaðst hafa verið heima hjá sér þetta kvöld ásamt þáverandi kærustu sinni, B, og sonum hennar, en þau hefðu á þessum tíma nýlega tekið saman. Þau hefðu neytt fíkniefna þetta kvöld. Síðla kvölds þegar þau hefðu verið á leið í rúmið hefði brotþoli hringt í hann og ekki virst alveg eins og hún átti að sér að vera. Hún hefði verið drukkin og spurt hvar hann væri og hvort móðir hennar væri hjá honum. Hún hefði sagst vera í leigubíl og hann hefði beðið um að tala við leigubílstjórann. Sá hefði ekki verið góður í ensku og sagst ekki hafa gps, en hann hefði reynt að greina honum frá heimilisfanginu. Brotþoli hefði komið aftur í símann og ekki viljað að hann legði á svo hann hefði skynjað að ekki væri allt með felldu. Það hefði ekki einungis verið vegna þess hve drukkin hún var, heldur hefði hún virst vera í uppnámi og honum hefði heyrst hún gráta. B hefði svo farið út til að taka á móti henni. Skömmu síðar hefði B hringt og beðið hann að koma út. Hann hefði farið út og mætt brotþola sem hefði verið á leiðinni inn. B hefði sagt honum að eitthvað hefði gengið á í bílnum á leiðinni heim og hann hefði sest inn í bílinn ásamt henni í mitt aftursætið. Þau hefðu þar reynt að fá upp úr ákærða hvað hefði gerst. Hann hefði þóst ekki skilja neitt og talað um vin sinn. Þegar B hefði tekið símann sinn upp og ætlað að hringja í lögregluna hefði hann brotnað saman og viðurkennt brot sitt. Hann hefði sagt: „Ok yes I did it sorry“. Vitnið minntist þess ekki að hafa rætt um peninga eða trúmál og kvaðst ekki minnast þess að brotþoli hefði greint honum frá því sem gerst hefði, heldur hefði B skýrt honum frá þessu. Eftir atvikin úti hefði vitnið farið inn í íbúðina að sækja astmapúst og skipta um föt. Hann taldi að hann hefði beðið þar í um 15 mínútur þar til hann hefði verið handtekinn og færður á lögreglustöð. Hann myndi ekki til þess að hafa verið í samskiptum við brotþola á meðan.

Lögreglumaður nr. D kom á vettvang í kjölfar útkalls þar sem fram kom að verið væri að halda manni sem grunaður væri um kynferðisbrot. Vettvangurinn hefði verið sérstakur en ofboðslega kalt hefði verið í veðri. Þegar að hefði komið hefði B veifað þeim á bifreiðastæðinu og þar hefði C haldið meðvitundarlausum manni í jörðinni. C hefði verið með stóra kúlu á enninu og blóð hefði verið á fatnaði og höndum allra. Spýta hefði verið undir ákærða og C. Ákærði hefði verið fluttur brott í sjúkrabifreið og rætt hefði verið við C og B inni í lögreglubifreið vegna kulda og þar sem brotþoli og ung börn voru inni í íbúðinni. Þau hefðu sagt brotþola hafa verið úti að skemmta sér og komið til

þeirra með leigubíl. Hún hefði hringt grátandi á leiðinni og þau beðið hennar lengi. Þau hefðu einnig rætt við ákærða í síma og sent honum leiðbeiningar um staðsetninguna. Brotapoli hefði verið grátandi við komuna og B gengið á hana með spurningar um hvað hefði gerst. Brotapoli hefði þá greint henni frá því að ákærði hefði káfað á sér. B hefði hringt í C og beðið hann að koma út þar sem þau hefðu gengið á ákærða sem átti að hafa játað að einhverju leyti. Vitnið kvaðst hafa skilið það svo að ákærði hefði játað að hafa komið við brotþola en vissi ekki hvar eða hvort það hefði átt að vera innan- eða utanklæða. Farið hefði verið með brotþola á lögreglustöð. Hún hefði þá ekki vitað af líkamsárásinni, en henni hefði verið sagt að það þyrfti að ræða við móður hennar og kærasta hennar og þau væru farin á lögreglustöð. C hefði í millitíðinni farið inn í íbúðina ásamt lögreglumanni en vitnið vissi ekki hvort hann hefði þá hitt brotþola. Vitnið hefði sjálft einu sinni farið inn í íbúðina en brotþoli hefði þá verið uppi í rúmi. Frænka C hefði verið í íbúðinni og hún hefði verið látin vita af aðstæðum. Brotapoli hefði verið látin blása í áfengismæli og mælst með 2‰. Hún hefði verið þvoglumælt en viðræðuhæf og skýr um það sem hún hefði verið að segja. Hún hefði greint frá því að hafa verið frammi í bílnum og bílstjórinn hefði káfað á henni innan- og utanklæða. Hún hefði farið að gráta en honum hefði verið alveg sama. Brotapoli hefði lýst ákærða sem „weird“ eða skrýtnum og sagt hann hafa notað skrýtin orð. Brotapoli hefði sagt frá þessu sama í lögreglubifreiðinni á leiðinni á lögreglustöð. Hún hefði verið ein með honum í bifreiðinni og ferðin tekið langan tíma þar sem erfiðlega hefði gengið að skilja hvar áfangastaðurinn væri. Móðir brotþola, B, hefði verið stödd að [...] en hún hefði búið annars staðar. C og B hefðu einnig verið skýr og ekki virst í mjög annarlegu ástandi miðað við atvik, en þau hefðu verið í uppnámi og tekið þátt í slagsmálum. Haukur hefði talað um að hafa reynt að halda ákærða og sagt að hann hefði „feikað“ meðvitundarleysi.

Lögreglumaður nr. E kom á vettvang ásamt lögreglumanni nr. D vegna útkalls þar sem móðir brotþola og stjúpfadir héldu ákærða í kyrkingartaki. Lögreglumenn hefðu losað um takið og ákærði verið fluttur burt í sjúkrabíl. Vegna mikils kulda hefði fólkið verið sett inn í lögreglubíl þar sem þau hefðu greint frá því að brotþoli hefði tjáð þeim að ákærði hefði brotið á henni. Vitnið kvaðst hafa farið með C inn í íbúðina, sem var nokkuð frá, til að sækja astmapúst og skipta um föt auk þess sem þeir hefðu beðið liðsauka. Brotapoli hefði verið vakandi en verið inni í herbergi. Vitnið hefði rætt lítillga við hana og hún hefði sagt ákærða hafa snert sig utanklæða og innan. Hann vissi hins vegar ekki hvort C hefði rætt við brotþola en kvaðst hafa verið með bókmyndavél á sér. Vitnið kvað brotþola greinilega hafa verið töluvert ölvaða og C hefði verið „ekki edrú“. Hann hefði verið „cocky“ og fundist hann hafa gert vel; unnið slagsmálin. Vitnið kvaðst hafa fylgt brotþola á lögreglustöð. Hún hefði verið ölvuð og í lítills háttar uppnámi en hann var ekki viss hvort hún hefði vitað um líkamsárásina. Hún hefði verið viðræðuhæf og skýr þrátt fyrir mikla ölvun.

Lögreglumaður nr. F staðfesti skoðun sína á upptökum úr eftirlitsmyndavélum úr miðbænum og símagögnum.

Lögreglumaður nr. G staðfesti skýrslur sínar vegna málsins. Hann kvaðst hafa verið á bakvakt er tilkynning hefði borist um að stúlka hefði orðið fyrir kynferðisbroti af hálfu leigubílstjóra og búið væri að lemja bílstjóran þannig að hann væri meðvitundarlaus og nær dauða en lífi. Vettvangurinn hefði verið við skóla um 100 m frá íbúðinni. Hann hefði tekið skýrslu af brotþola um nóttina þar sem hún hefði sagst ekkert vita um árásina.

Niðurstaða

Ákærða er gefið að sök að hafa káfað á brjóstum og kynfærum brotþola innanklæða og reynt að kyssa hana tungukossum í bifreið sem hann ók frá miðbæ Reykjavíkur að [...] í Reykjavík.

Ákærði hefur staðfastlega neitað sök og kveður ekkert af ofangreindu hafa átt sér stað í bifreið hans. Brotþoli lýsir því hins vegar að ákærði hafi ítrekað reynt að kyssa hana. Þá hafi hann farið með hendur inn fyrir bol hennar og þreifað á vinstra brjósti hennar og einnig farið inn undir bux nastreng hennar og þreifað á kynfærum hennar.

Brotþoli var umrætt kvöld úti að skemmta sér með vinkonum sínum, en fór ein út af skemmtistað og má sjá af upptökum úr eftirlitsmyndavélum í miðbænum að hún var verulega drukkin, sem staðfest var er hún blés í áfengismæli hjá lögreglu og mældust hjá henni 2‰. Brotþoli kveðst ekki muna eftir því að hafa farið í bifreiðina til ákærða en einungis muna eftir sér í framsæti bílsins og hafa talið sig vera í leigubíl. Þá hafi henni fundist eins og einhver hefði kallað til hennar að þetta væri leigubifreið. Ákærði lýsti því að brotþoli hefði skyndilega sest inn í bifreið hans og krafist þess að hann æki henni heim. Eftir að hafa árangurslaust reynt að útskýra fyrir henni að þetta væri ekki leigubifreið hefði hann ákveðið að skutla henni heim.

Fyrir liggja myndbönd úr eftirlitsmyndavélum í miðbænum þar sem sjá má brotþola fara upp í bifreiðina og aðdragandann að því. Má þar sjá hvar bifreið ákærða er ekið inn Austurstræti kl. 3:06:50. Skömmu síðar, kl. 3:07:00, sést brotþoli ganga út af skemmtistaðnum [...] og sést bifreið ákærða ekið fram hjá og er stigið á bremsuna á meðan brotþoli gengur meðfram bifreiðinni. Bifreiðinni er ekið inn lokaðan botnlanga til vinstri á meðan brotþoli gengur reikul í spori út Austurstræti. Kl. 3:09:08 sést brotþoli standa við hóp af fólki og er bifreiðinni ekið þar að og stöðvuð við hópinn. Brotþoli gengur þá að Hafnarstræti og í kjölfarið loga bakkljós bifreiðarinnar. Bifreiðinni er síðan ekið sömu leið og brotþoli gengur og sést að ökumannsrúðan er að mestu lokað. Brotþoli sést styðja sig við staura og opna dyr að kyrrstæðri bifreið. Hún gengur áfram eftir Hafnarstræti og bifreið ákærða er ekið samhliða henni og þá er ökumannsrúðan skruðuð alveg niður. Stigið er á hemla bifreiðarinnar og brotþoli gengur

að bifreiðinni kl. 3:10:50. Dyrnar fyrir aftan öikumanninn opnast og brotaþoli virðist eiga í samskiptum við hann. Bifreiðinni er síðan ekið áfram en áður bendir ökumaðurinn út um gluggann hjá sér. Kl. 3:11:29 er bifreiðinni lagt í stæði skammt frá og brotaþoli gengur á eftir og stendur svo við bifreiðina kl. 3:11:41. Kl. 3:14:00 sest brotaþoli inn í bifreiðina sem er ekið á brott skömmu síðar. Bifreiðinni er síðan ekið eftir Hafnarstræti, Pósthússtræti til norðurs og í kjölfarið vestur Tryggvagötu en þaðan hverfur hún úr sjón.

Þegar framangreindar upptökur voru bornar undir ákærða kvaðst hann ekki hafa veitt brotaþola neina athygli áður en hún hefði sest inn í bifreiðina. Hann hefði stansað á miðri götu til að leggja og hefði einungis sagt eitthvað við brotaþola á arabísku. Eins og að framan greinir kom brotaþoli þó upp að bifreiðinni úti á götu og er ekki annað að sjá en að ákærði og brotaþoli eigi í samskiptum og í kjölfarið opnast afturðyr bifreiðarinnar. Önnur bifreið er síðan komin fyrir aftan þau og sést þá hvar ákærði bendir eða veifar út um gluggann, ekur bifreiðinni að stæði litlu frammar og brotaþoli gengur á eftir. Þá stendur brotaþoli við bifreiðina og í meira en tvær mínútur áður en hún sest inn í aftursæti hennar.

Brotaþoli hringdi í móður sína og kærasta hennar úr bifreið ákærða. Ber öllum saman um að hún hafi grátið í símann. Móðir brotaþola bar að hún hafi neitað því aðspurð að allt væri í lagi en ekki greint frá neinu sérstöku í því sambandi. Bæði móðirin og kærasti hennar hafa borið um að brotaþoli hafi virst hrædd og ólík sjálfri sér. Móðirin tók á móti brotaþola úr bifreiðinni og kvaðst hafa spurt hvað væri að og fengið þau svör frá brotaþola að ákærði hefði snert hana innan- og utanklæða. Í framhaldi hefði hún sest inn í bifreiðina hjá ákærða og eftir að hafa gengið á hann nokkra stund hefði hann viðurkennt að hafa snert brotaþola. Kærasti móðurinnar kvaðst ekki hafa heyrt af atvikum frá brotaþola, einungis móður hennar, en hann hefði verið viðstaddur er ákærði hefði gengist við broti sínu.

Við mat á framburði framangreindra tveggja vitna verður að líta til þess að þau voru bæði undir áhrifum fíkniefna, en í málinu liggja fyrir matsgerðir Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði vegna rannsóknar á blóðsýnum þeirra. Þá verður að líta til tengsla þeirra við brotaþola auk þeirra atburða sem urðu í kjölfarið, en C hefur verið ákærður fyrir brot gegn 211. gr., sbr. 20. gr., almennra hegningarlaga nr. 19/1940 vegna þeirra.

Fyrir liggur að brotaþoli greindi strax við komuna frá því að eitthvað hefði átt sér stað í bifreiðinni með ákærða en það var ástæða þess að móðir hennar settist inn í bifreiðina. Brotaþoli fór inn í íbúðina og varð ekki vitni að því sem átti sér stað í framhaldinu. Er lögregla kom inn í íbúðina og ræddi við hana vissi hún ekki af því sem hafði gerst en greindi frá atvikum í samræmi við síðari framburð sinn, eins og sjá má af upptöku úr búkmyndavél lögreglu. Þá lýsti hún atvikum með sama hætti í lögreglubifreið á leið á lögreglustöð og í tveimur skýrslutökum hjá lögreglu. Eina atriðið sem ósamræmi hefur ríkt um hjá brotaþola er hvenær hún sagði móður sinni frá brotinu. Hún skýrði frá því fyrir dómi að hún áttaði sig ekki á af hverju hún hefði greint frá með þeim hætti sem

hún gerði upphaflega, en áfengisdrykkja og svefnleysi gæti hafa spilað þar inn í. Skýringar hafa komið fram á því með hvaða hætti þetta átti sér stað sem eru í samræmi við málgögn og þykir þetta ekki hafa áhrif á trúverðuleika brotþola um þá háttsemi ákærða sem hún lýsir. Þá hefur ekkert komið fram sem bendir til þess að atvik eða aðilar hafi haft áhrif á framburð hennar. Hefur framburður hennar allan tímann verið staðfastur um meginatriði málsins. Þá dregur það ekki úr trúverðuleika hennar þótt hún muni ekki öll atriði, svo sem hvenær og hvernig hún fór úr aftursætinu í framsætið. Framburður brotþola fær nokkurn stuðning í framburði móður hennar og kærasta móður sem lýstu ástandi hennar í símanum og framburði móður hennar um frásögn hennar þegar hún var komin á áfangastað. Þá styður lýsing brotþola og móður hennar á líðan brotþola eftir atvikið frásögn hennar.

Framburður ákærða hefur einnig verið stöðugur. Hann samræmist hins vegar ekki upptökum úr eftirlitsmyndavélum í miðbænum og hefur ákærði ekki getað skýrt það misræmi með fullnægjandi hætti. Ákærði sést þar ítrekað hægja á sér nálægt brotþola og fara sömu leið og hún. Hann hefur enga skýringu gefið á því hvers vegna hann hafði opnað öikumannsgluggann þegar hann ók eftir Hafnarstræti, en fram kom í málinu að ákaflega kalt var í veðri. Þar stansaði hann á götunni og brotþoli gekk að bifreiðinni. Þau ræddu saman og afturdyr bifreiðarinnar sjást opnast. Þær skýringar ákærða að hann hafi rætt við brotþola á arabísku þykja nokkuð ótrúverðugar í ljósi þess að hann virðist síðan benda henni áfram og ekur inn í bílastæði litlu framar. Ákærði segist hafa ætlað sér að leggja bifreiðinni en ekki verið farinn út þegar brotþoli hafi sest inn í bifreiðina. Svo virðist hins vegar sem hann hafi fært bifreiðina vegna þess að hann var á miðri götu og önnur bifreið var komin fyrir aftan hann. Þá er ekki að sjá að ákærði hafi ætlað sér að leggja og fara út úr bifreiðinni, eins og hann hefur borið um, en brotþoli stóð við bifreiðina í meira en tvær mínútur án þess að ákærði færi út úr henni.

Með hliðsjón af öllu framangreindu er það niðurstaða dómsins að leggja beri trúverðuga frásögn brotþola, sem studd er framburði vitna eins og að framan greinir, til grundvallar niðurstöðu í málinu. Er sannað að ákærði hafi áreitt brotþola kynferðislega með því að káfa á brjóstum og kynfærum brotþola innanklæða og reynt að kyssa hana tungukossum. Verður ákærði því sakfelldur samkvæmt ákæru og hefur hann með háttsemi sinni gerst sekur um brot gegn 199. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði er fæddur í [...]. Samkvæmt framlögðu sakavottorði, dagsettu 13. ágúst 2024, var hann [...] 2022 dæmdur í átta mánaða fangelsi, þar af fimm mánuði skilorðsbundið, í Landsrétti fyrir brot gegn 1. mgr. 217. gr. og 1. mgr. 218. gr. b í almennum hegningarlögum nr. 19/1940 og 1. og 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Með broti sínu nú hefur ákærði rofið skilorð framangreinds dóms. Verður skilorðsbundinn hluti dómsins því dæmdur upp og ákærða gerð refsing í einu lagi, sbr. ákvæði 60. gr., sbr. 77. gr., almennra hegningarlaga. Brot ákærða var alvarlegt en hann

braut gegn kynfrelsi brotþola sem var ung að árum og nýtti sér ástand hennar. Við ákvörðun refsingar verður jafnframt haft í huga að í framhaldi af atvikum var ráðist alvarlega á ákærða og hann hefur ekki enn jafnað sig fyllilega af þeirri árás. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 10 mánuði en fullnustu refsingarinnar er frestað og falli hún niður að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Af hálfu brotþola er krafist miskabóta að fjárhæð 1.500.000 krónur. Ákærði hefur verið sakfelldur fyrir alvarlegt brot gegn brotþola. Brot sem þessi eru til þess fallin að hafa í för með sér miska fyrir þann sem fyrir þeim verður. Af framburði brotþola og móður hennar má ráða að brotið hafi haft talsverðar afleiðingar fyrir brotþola. Með hliðsjón af framangreindu þykir brotþoli eiga rétt á miskabótum úr hendi ákærða á grundvelli 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 og þykir fjárhæð þeirra hæfilega ákveðin 500.000 krónur með vöxtum eins og nánar greinir í dómsorði.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Bjarna Haukssonar lögmanns, 1.640.520 krónur, og þóknun réttargæslumanns brotþola, Elimars Haukssonar lögmanns, 1.556.820 krónur. Við ákvörðun þóknunar lögmannna hefur verið tekið tillit til virðisaukaskatts. Þá greiði ákærði 14.880 krónur í annan sakarkostnað.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Þorbjörg Sveinsdóttir aðstoðarsaksóknari.
Barbara Björnsdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð:

Ákærði, X, sæti fangelsi í 10 mánuði en fullnustu refsingarinnar er frestað og falli hún niður að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði A 500.000 krónur ásamt vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr., sbr. 4. gr., laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 11. mars 2023 til 2. október 2024 en þá með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr., sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Bjarna Haukssonar lögmanns, 1.640.520 krónur, þóknun skipaðs réttargæslumanns brotþola, Elimars Haukssonar lögmanns, 1.556.820 krónur, og 14.880 krónur í annan sakarkostnað.

Barbara Björnsdóttir